

## Fundargerð 303. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 11. mars 2010, kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Karl Kristjánsson, Eygló Kristjánsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Egill bauð menn velkomna og setti fund.

### Dagskrá:

#### Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 11. febrúar 2010. Liður til afgreiðslu nr. 2: Ákveðið að gera ekki kauptilboð í hluta jarðarinnar Hjalla. Aðrir liðir samþykktir
2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 23. febrúar 2010. Samþykkt.
3. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 8. mars 2010. Liður 1 samþykktur. Liður 4, ákveðið að lækka verðlaunagreiðslur per mink um kr. 2.000 á dýr og sama fyrir ref. Verðlaun fyrir mink verða kr. 12.000 og kr. 9.000 fyrir ref. Annað fyrirkomulag óbreytt. Afgreiðsla 8. liðar: Samþykkt að deiliskipuleggja hafnarsvæðið við Innstapoll í Flatey. Aðrir liðir samþykktir.

#### Mál til afgreiðslu:

1. **0912024** Bréf dags. 16. des. 2009 frá Sögufélagi Barðastrandasýslu með ósk um styrk vegna útgáfu árbókar Barðastrandasýslu 2009. Erindið samþykkt.
2. **0901048** Bréf dags. 12. febrúar 2010 frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum með drögum að lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum. Lögreglusamþykktin samþykkt. Í framhaldinu verða settar reglur um dýrahald í þéttbýli.
3. **1002039** Tölvupóstur dags. 19. febrúar s.l. frá Sveinbirni F. Péturssyni og Guðrúnu H. Sigurðardóttur með ósk um styrk vegna gerðar útvarpsþátta um atvinnumál með megináherslu á hagsmuni atvinnulausra. Erindinu hafnað.
4. **1002038** Tölvupóstur dags. 19. febrúar s.l. frá Bandalagi Ísl. skáta með ósk um styrk vegna verkefnisins "Góðverkadagurinn" Erindinu hafnað
5. **1002043** Tillaga skipulags- og bygginganefndar frá 8. mars s.l. að gjaldskrá fyrir byggingarleyfis- þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld í Reykhólahreppi. Gjaldskráin samþykkt.

#### Mál til kynningar:

1. **1002030** Bréf dags. 12. febrúar s.l. frá Lýðheilsustöð með kynningarbæklingum um verkefnið *Öruggt samfélag*. Kynnt.
2. **1003001** Bréf dags. 1. mars s.l. frá Skipulagsstofnun varðandi afgreiðslur sveitarstjórna á tillögum undirnefnda sinna. Kynnt.
3. **1002041** Bréf dags. 19. febrúar s.l. frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða þann 19. febrúar s.l. Kynnt.

## Önnur mál:

1. **1003011** Tölvupóstur dags. 15. febrúar s.l. frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf um aðalfund félagsins. Sveitarstjóri fer með umboð Reykhólahrepps á aðalfundinum.
2. **1003012** Tölvupóstur dags. 10. mars s.l. frá Alþingi með beiðni um umsögn um frumvarp til skipulagslaga, 425. mál. Sveitarstjóra og skipulags- og bygginganefnd falið að yfirfara fúmvarpið með umsögn í huga.
3. **1003013** Tölvupóstur dags. 10. mars s.l. frá Alþingi með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um mannvirki, 426. mál. Sveitarstjóra og skipulags- og bygginganefnd falið að yfirfara fúmvarpið með umsögn í huga.
4. **1003014** Tölvupóstur dags. 10. mars s.l. frá Alþingi með beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, nr. 75/2000, 427. mál. Sveitarstjóra og skipulags- og bygginganefnd falið að yfirfara fúmvarpið með umsögn í huga.
5. **0912005** Flutningur á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga, skipun vinnuhóps. Sveitarstjóra falið að hafa samband við SSV og leita eftir samstarfi um málefni fatlaðra.
6. Greiðslur til starfsmanna vegna aksturs til og frá vinnu. Samþykkt að hætta að greiða starfsmönnum Reykhólahrepps og stofnana hans fyrir akstur til og frá vinnu. Tekur gildi frá og með 1. júní 2010.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:45.

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Eygló Kristjánsdóttir (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)